



Berist til Borgarráðs Reykjavíkur.

Yfirlýsing frá skólaráðum Laugalækjar- og Laugarnesskóla og Knattspyrnufélaginu Þrótti vegna fyrirhugaðrar byggingar íþróttahúss í Laugardal.

Skólaráð Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla og aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Þróttar (KÞ) skora með bréfi þessu á Borgarráð Reykjavíkur að hraða undirbúningi að byggingu nýs íþróttahúss í Laugardalnum.

Undanfarin tvö ár hefur fyrir forgöngu KÞ verið unnið á vettvangi Reykjavíkurborgar að undirbúningi að byggingu nýs íþróttahúss sem staðsett yrði á bílastæði við hlið félagshúss KÞ og gagnast félaginu, Glímufélaginu Ármanni auk Laugalækjar- og Laugarnesskóla. Með þessu fyrirkomulagi verður hámarksnýtingu mannvirkisins náð.

Skólaráð Laugalækjar- og Laugarnesskóla styðja þessar hugmyndir Þróttar og fagna þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram, enda verður skólunum tryggður sá aðgangur sem þeir þarfnast, á meðan aðstaða nær skólunum er ekki fyrir hendi. Um leið hvetja skólaráðin Reykjavíkurborg til að hraða vinnu við deiliskipulag og aðra þætti sem ljúka þarf svo framkvæmdir geti hafist.

Skólaráðin og KÞ ítreka að sár skortur er á íþróttaaðstöðu innandyra fyrir börn og unglunga í Laugardal. Fyrir utan Laugardalshöllina sem gegnir að miklu leiti hlutverki ráðstefnu- og sýningarhallar auk þess að vera vettvangur landsleikja og landsliðsæfinga, er ekkert íþróttahús í hverfinu, hvorki við skóla né á vegum íþróttafélags, sem rúmar íþróttakennslu eldri barna og eða æfingar eða keppni í vinsælum greinum eins og handknattleik eða körfubolta.

Vart þarf að minna á að aldrei hefur verið byggt íþróttahús við Laugalækjarskóla þrátt fyrir margítrekaðar óskir og íþróttahús Laugarnesskóla er áratuga gamalt og dugar aðeins til kennslu allra yngstu barnanna. Þá liggur fyrir að þriðjungur þeirra æfinga sem Þróttur stendur fyrir í Laugardalshöll fellur að jafnaði niður á hverjum vetri vegna annarra viðburða sem ætíð hafa forgang umfram æfingar á vegum hverfisfélagsins. Þá fer kennsla í körfubolta fyrir eldri grunnskólanemendur fram í íþróttarhúsi sem staðsett er utan hverfis. Börn og unglingar í Laugardal njóta því ekki sjálfsagðra

réttinda á við börn í öðrum hverfum er varðar íþróttæfingar og skólar hafa um margra ára skeið ekki getað uppfyllt námskrá á sviði íþróttar.

Um leið vilja skólaráð Lauganes- og Laugalækjarskóla ítreka kröfur sínar um að áfram verði unnið að uppbyggingu á almennu kennslurými og annarri aðstöðu við skólana samkvæmt þeim óskum sem lagðar hafa verið fram af hálfu skólanna. Skólaráð Laugarnesskóla vill ítreka þá ósk sína að íþróttir yngstu nemenda skólans, 1.-3. bekk, verði áfram kenndar í íþróttahúsi skólans.

Gangi áætlanir um þéttingu byggðar eftir verður Laugardalurinn fjölmennasta hverfi borgarinnar um 2030 og Reykjavíkurborg verður að svara þeirri þörf fyrir þjónustu sem af þessari fjölgun hlýst, jafnt á sviði íþróttar sem almennrar kennslu. Skólaráðin og Kþ hvetja borgarráð til að tryggja að börn í Laugardalnum njóti sömu aðstöðu til íþróttaiðkunar innandyra og finna má í flestum öðrum hverfum borgarinnar, bæði hvað varðar skólaíþróttir og íþróttir á vegum Kþ, hverfisfélagas Laugardalsins. Bygging nýs íþróttahúss er mikilsverður þáttur á þeirri leið.

Reykjavík 18.09.2018

F.h. Knattspyrnufélagsins Þróttar


Finnogi Hilmarsson, formaður.

F.h. Laugarnesskóla


Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri.



F.h. Laugalækjarskóla


Jón Páll Haraldsson, skólastjóri.

